

## Ágæti viðskiptavinur

Frá og með 1. janúar 2021 mun Fjallabyggð taka á móti rafrænum reikningum í gegnum Skúffuna.

Fjallabyggð hefur undanfarin ár unnið að því að innleiða pappírslaus viðskipti. Einn liður í því er að móttaka reikninga á rafrænu formi. Kostir þess að senda og móttaka reikninga rafrænt eru margir. Með þessum sendingarmáta sparast pappír og sendingakostnaður verður lítil sem enginn. Reikningar sem berast Fjallabyggð rafrænt komast innan 2 klukkustunda inní bókhaldskerfið og greiðslan gengur hraðar fyrir sig (greiðsluseðill óþarfur).

Til að koma til móts við þá sem ekki hafa rafrænt bókhaldskerfi hefur Fjallabyggð tekið upp Skúffuna – rafrænt pósthús fyrir reikninga.

### Skúffan/rafrænir reikningar:


#### Áður en þú byrjar:

- Hafðu frumritið hjá þér (hefur það svo hjá þér, sendir það ekki í pósti)
- Vertu með nafn tengiliðs / eða aðra tilvísun.
- Skúffan er tengd við fyrirtækjaskrá og kallar upp virðisaukaskattsnúmer þar sem það á við

#### Að senda reikning rafræn:

- Opnar heimasíðu Fjallabyggðar
- Efst á síðunni til hægri er linkur inná skúffuna ( Rafrænir reikningar)
- Slærð inn allar viðeigandi upplýsingar í gráu reitina (ath reikningur fer ekki af stað ef upplýsingar í rauðu hólfin vantar)
- Hengir við viðhengi ef það þarf að senda slíkt
- Forskoðar og getur prentað út
- Sendir reikninginn

Hér finnur þú tengil fyrir rafræna reikninga – Skúffuna:



<https://skuffan.is/gattir/fjallabyggd>

Ef þú lendir í vandræðum sendu póst á [bokhald@fjallabyggd.is](mailto:bokhald@fjallabyggd.is) og við hjálpum þér af stað.

Fjármáladeild